

# STJÓRNARTÍÐINDI B 75 — 1982

15. desember 1982.

1353

Nr. 769.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

#### 1. gr.

10. gr. i-stafliður hljóði svo:

„Lyf, er skert geta hæfni manna til aksturs bifreiða og/eða stjórnunar hvers konar véla, skal merkja rauðum varúðarþríhyrningi, sbr. ákvæði reglugerðar um merkingu sérlyfja nr. 568/1982.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á Viðauka 1 við reglugerðina. (Undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja, skv. 13. gr. a).

Lyf eða lyfja-samsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Diphenhydraminum.	Lyf í afmældum skömmtum, er innihalda 50 mg eða minna.	Mest 10 töflur handa einstaklingi. Áletrun: Lyfið er ætlað til varnar veltuveiki (sjóveiki, bílveiki, flugveiki). Skammtar: <b>Fullorðnir:</b> 1 tafla $\frac{1}{2}$ —1 klst. fyrir brottför, síðan 1 tafla á 4—6 klst. fresti, ef þörf krefur. <b>Börn 4—8 ára:</b> $\frac{1}{2}$ tafla $\frac{1}{2}$ —1 klst. fyrir brottför, síðan $\frac{1}{2}$ tafla á 6—8 klst. fresti, ef þörf krefur. <b>Börn 9—12 ára:</b> 1 tafla $\frac{1}{2}$ —1 klst. fyrir brottför, síðan 1 tafla á 6—8 klst. fresti, ef þörf krefur. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 4 ára. Sjá einnig 10. gr. i-lið. Ekki yfir 0.3%.	
	Mixtúrur.	Mest 150 ml handa einstaklingi. Áletrun: Hóstamixtúra. 1—2 teskeiðar (5—10 ml) í senn. Mest 5 sinnum á sólarhring handa fullorðnum. Sjá einnig 10 gr. i-lið. 1 teskeið (5ml) í senn, mest 4 sinnum á sólarhring handa börnum 6—12 ára. $\frac{1}{2}$ teskeið (2.5 ml) í senn, mest 4 sinnum á sólarhring handa börnum 1—5 ára. Sjá einnig 10. gr. i-lið.	

B 170

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

**Endurprentað blað.**

Lyf eða lyfja-samsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Paraceta-molum.	Endaðarmsstílar.	Einstakur skammtur mest 500 mg. Mest 20 endaðarmsstílar handa einstaklingi.	
		<b>Endaðarmsstílar 60 mg:</b>	
		Áletrun: Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið má ekki gefa börnum lengur en 2 daga í senn án samráðs við lækni. Endaðarmsstíl er stungið í endaðarminn og því hentugur handa börnum með uppköst eða ef þau eiga erfitt með að gleypa töflur. Skammtastærðir handa börnum, hafi læknir ekki ráðlagt annað:	
		0—1 árs: 1 endaðarmsstíll mest í tvö skipti.	
		1—4 ára: 2 endaðarmsstílar mest þrisvar sinnum á sólarhring. Frekari lyfjagjöf aðeins í samráði við lækni. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.	
		<b>Endaðarmsstílar 125 mg:</b>	
		Áletrun: Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið má ekki gefa börnum lengur en 2 daga í senn án samráðs við lækni. Endaðarmsstíll er stungið í endaðarminn og því hentugur handa börnum með uppköst eða ef þau eiga erfitt með að gleypa töflur. Skammtastærðir handa börnum, hafi læknir ekki ráðlagt annað: Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 1 árs.	
		1—4 ára: 1 endaðarmsstíll mest þrisvar sinnum á sólarhring. 4—8 ára: 1—2 endaðarmsstílar mest þrisvar sinnum á sólarhring.	
		8—12 ára: 2 endaðarmsstílar mest þrisvar sinnum á sólarhring.	
		Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.	
		<b>Endaðarmsstílar 250 mg:</b>	
		Áletrun: Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið má ekki gefa börnum lengur en 2 daga í senn án samráðs við lækni. Endaðarmsstíl er stungið í endaðarminn og því hentugur handa börnum með uppköst eða ef þau eiga erfitt með að gleypa töflur. Skammtastærðir handa börnum, hafi læknir ekki ráðlagt annað: Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 8 ára.	
		8—12 ára: 1 endaðarmsstíll mest þrisvar sinnum á sólarhring.	
		12—16 ára: 1—2 endaðarmsstílar mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.	

Lyf eða lyfja-  
samsetningarSamsetningar, er selja  
má í lausasölu

Athugasemdir

Dæmi

**Endaparmsstílar 500 mg:**

Hver pakkning skal merkt eftirfarandi áletrun: Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið er ekki ætlað til langvarandi notkunar án samráðs við lækni. Endaparmsstíl er stungið í endaparminn. Skammtastærðir, hafi læknir ekki ráðlagt annað:

Fullorðnir: 1—2 endaparmsstílar þrisvar sinnum á sólarhring.

Börn 12—16 ára: 1 endaparmsstíll mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára.

Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.

Freyðitöflur.

**Freyðitöflur**

Einstakur skammtur mest 500 mg. Mest 20 freyðitöflur handa einstaklingi. Áletrun: Venjulegur skammtur er 1—2 freyðitöflur í senn, mest 6 freyðitöflur á sólarhring handa fullorðnum við höfuðverk, tannverk, tíðaverk og sótthita af völdum influensu eða kvefs. Freyðitöflurnar eru leystar upp í hálfu glasi af vatni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 8 ára nema í samráði við lækni.

Börn 8—12 ára: ½ freyðitafla mest þrisvar sinnum á sólarhring.

Börn 12—16 ára: 1 freyðitafla mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða. Lyfið inniheldur natríum og er því ekki ætlað fólki, sem er á saltsnaudu fæði.

Mixtúrur 24 mg/ml.

**Mixtúra 24 mg/ml:**

Mest 60 ml handa einstaklingi. Áletrun: Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið má ekki gefa börnum lengur en 2 daga í senn án samráðs við lækni. Skammtastærðir handa börnum, hafi læknir ekki ráðlagt annað:

0—1 árs: 2,5 ml mest í tvö skipti. Frekari lyfjagjöf aðeins í samráði við lækni.

1—4 ára: 2,5—5 ml mest þrisvar sinnum á sólarhring.

4—8 ára: 5—10 ml mest þrisvar sinnum á sólarhring.

8—12 ára: 10 ml mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.

**Endurprentað blað.**

Lyf eða lyfja-samsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
----------------------------	---------------------------------------	--------------	------

Töflur.

**Töflur:**

Einstakur skammtur mest 500 mg. Mest 20 töflur handa einstaklingi. Áletrun: Venjulegur skammtur er 1—2 töflur í senn, mest 6 töflur á sólarhring handa fullorðnum við höfuðverk, tannverk, tíðaverk og sótthita af völdum in-flúensu eða kvefs. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 8 ára nema í samráði við lækni.

Börn 8—12 ára: ½ tafla mest þrisvar sinnum á sólarhring. Börn 12—16 ára: 1 tafla mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifarsjúkdóma er að ræða.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49/1978 öðlast gildi 1. janúar 1983. Jafnframt fellur úr gildi 3. gr. reglugerðar nr. 752/1981 um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. desember 1982.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**


---

*Ingolf J. Petersen.*
**REGLUGERÐ****um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga skv. lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, annarra en tekjutryggingar og heimilisuppbótar skv. 19. gr., skulu hækka um 2.1% frá og með 1. janúar 1983 frá því sem þær voru í desember 1982.

2. gr.

Tekjutrygging skv. 19. gr. skal frá sama tíma hækka um 2.68% en heimilisuppbót um 4.5%.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 79. gr. laga nr. 67/1971.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1982.*

**Svavar Gestsson.**


---

*Jón Ingimarsson.*